

Mótt. 20/1. 68

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1968.  
\*\*\*\*\*

Ísleifur Sumarliðason.

## Starfsskýrsla skógarvarðarans á Vöglum fyrir árið 1968.

---

### I. Veðurfar ársins.

Í janúar var tíðarfarið óhagstætt, kalt lengst af, óstöðugt og mjög umhleyppingasamt. Austanátt var tíðust að tiltölu í mánuðinum, breytileg átt.

Talsverður snjór og jarðbönn allan mánuðinn. Óvenju mikil svellalög.

Snjódýpt var 45 cm. í byrjun mánaðarins, en mest 64 cm. í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 5. 7 stig 22. janúar, lágmark -21.5 stig 2. s. m., en á lágmarki v/ jörð -22.0 stig 28. janúar.

Í febrúar var tíðarfarið óhagstætt til lands og sjávar. Suðlæg átt tíðust að tiltölu í mánuðinum. Snjór talsverður og frosthörkur, fram til 25. febrúar að hlánaði og tók snjó þá mikið. Tún óvenju svelluð. Mikið hvasuviðri dagana 27. og 28. febrúar, en skemmdir engar í grenadinni.

Snjódýpt var 64 cm. í byrjun mánaðarins, var lengst af 74 cm., en 25. febr. hlánaði, sem fyrr segir, og var snjóhula 5 cm. í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 8.7 stig 28. febrúar, lágmark -23.9 stig 3. s. m. og á lágmarki v/ jörð -28.0 stig 15. s. m.

Í marz var tíðarfarið óhagstætt nema um vikutíma snemma í mánuðinum. Einkum var síðari hlutinn óhagstæður, kaldur og stormasamur og talsverður snjór. Einkum suð-vestlæg átt fram til 10., en síðan norðlæg átt, aðallega norðvestlæg.

Snjólítið var fram að miðjum mánuði, en síðan 40-47 cm. snjódýpt mest í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 9.9 stig 7. marz, lágmark -23.4 stig 20. s. m. og á lágmarki v/jörð -26.8 stig 25. s. m.

Í apríl var tíðarfarið samilega hagstætt, aðallega suðlæg átt 1.-22. en síðan að mestu norðvestlæg átt.

Snjódýpt var mest 48 cm. í byrjun mánaðarins, en 11. apríl var hún 15. cm. og mjög var snjólítið eftir það.

Hámark hita mældist 12.0 stig 22. apríl, lágmark -25.0 stig 1. s. m. og á lágmarki v/jörð -28.0 stig sama dag.

Í maí var tíðarfarið mjög óhagstætt fyrri hluta mánaðarins en fór batnandi er á leið. Norðlæg átt, einkum norðvestlæg, mikil frost og sólfar á daginn. En 21. maí snerist til suðlægrar áttar og hlýnaði vel. Í lok mánaðarins var brum á birki mikið farið að þrútna og lerki að litkast. - Snjólítið var í mánuðinum.

Hámark hita mældist 17.9 stig 27. maí, lágmark -14.3 stig 1. s. m. og á lág.m. v/jörð -17.1 stig 4. s. m.

Í júní var tíðarfarið lengst af kalt og óhagstætt landbúnaði. Gróður kom seint og var graslítið í lok mánaðarins. Kal var víða mikið í túnunum. Breytilegt átt en þó einkum suð-vestlæg átt fyrri hluta mánaðarins, en aðallega norðlæg átt, einkum norðaustlæg, hinn síðari hluta.

Hámark hita mældist 19.7 stig 16. júní, en lágmark -1.2 stig 24. s. m. og -3.7 stig á lág.m. v/jörð 21. s. m. Frost mældist fimm sinnum í mælaskýli og níu sinnum á lág.m. v/jörð.

Í júlí ríkti aðallega norðlæg átt 1.-12., en síðan einkum suðvestlæg átt. Þá var hlýtt og ágætt tíðarfar og fór gróðri vel fram. Sláttur hófst hér ekki almennt fyrr en um 23. júlí. Vart varð við frost í jörð fram undir 20. júlí.

Hámark hita mældist 21.6 stig 19. júlí, lágmark 0.0 stig 12. s. m. og -3.1 stig á lág.m. v/jörð sama dag. Frost mældist sex sinnum á lág.m. v/jörð í mánuðinum.

Í ágúst var suðlæg átt að mestu og ágætis heyskapar tíð. Öllum gróðri fleygði fram. Mikið úrfelli gerði 30. ágúst. Hljóp mikill vöxtur í ána og varð hún kolmórauð. Skemmdir urðu þó ekki hér í sveitinni. Til marks um úrkomumagnið, má til gamans geta þess að frá kl. 8<sup>00</sup> að morgni 30. ágúst til kl. 20<sup>00</sup> að kveldi, mældist úrkomu 49.1 mm. Aðalúrkomumagnið var þó frá kl. 8<sup>00</sup> til kl. 15<sup>00</sup>.

Hámark hita mældist 23.4 stig 5. ágúst og lágmark -2.9 stig 14. s. m. og -5.1 stig á lág.m. v/jörð sama dag. Frost mældist fjórum sinnum á lág.m. v/jörð í mánuðinum.

Í september ríkti suðlæg eða suðaustlæg átt og var eindæma gott tíðarfar. Skógurinn sölnaði óvenju seint. síðasta dag mánaðarins brá til snjókomu og gerði hið versta hriðarveður og fennti fé og hraktist.

Hámark hita mældist 17.9 stig 9. september, lágmark -2.2 stig 30. s. m. og sama hitastig á lág.m. v/ jörð. Frost mældist sex sinnum á lág.m. v/jörð.

Í október var breytileg átt, veður stillt en óvenju mikil frost. Snjó tók aldrei upp í mánudögum.

Bændur á Svalbarðsströnd og í Grýtubakkahreppi áttu mikið af garðávöxtum niðri í görðum sínum í byrjun mánaðarins og náðist aðeins lítill hluti þeirra upp. Tjón bænda varð því mjög mikið og á margan hátt.

Snjódýpt varð mest 9. október, 32 cm.

Hámark hita mældist 6.5 stig 19. október, lágmark -16.1 stig 30. s. m. og -19.6 stig á lágmarki v/ jörð sama dag.

Í nóvember ríkti að mestu suðlæg átt. Mjög snjólétt óvenju hlytt, miðað við árstíma.

Mesta snjódýpt mældist 40 cm. 4. nóvember.

Hámark hita mældist 10.4 stig 18. nóvember, lágmark -18.7 stig 2. s. m. og á lágmarki v/jörð -25.0 stig sama dag.

Í desember var snjólítið, yfirleitt hægviðri og suðlæg átt. Talsverð frost síðari hluta mánaðarins.

Mesta snjódýpt 30 cm. 23.- 30. desember.

Hámark hita mældist 9.0 stig 7. desember, lágmark -22.1 stig 19. s. m. og á lágmarki v/ jörð -23.9 sama dag.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum árið 1968.

	Vik frá meðall.	Meðalhiti C°	Úrkoma mm.
Janúar	- 2.7	- 5,7 (- 2.6)	74.1 ( 27.5)
Febrúar	- 2.9	- 6.0 (- 0.8)	28.7 ( 52.2)
Marz	- 2.9	- 4.8 (- 7.3)	51.4 ( 114.9)
Apríl	- 1.0	- 0.9 (- 0.3)	30.7 ( 26.7)
Mái	- 2.0	3.1 ( 2.0)	10.7 ( 23.2)
Júní	- 2.0	6.7 ( 8.6)	61.4 ( 26.1)
Júlí	1.6	11.77 ( 8.0)	18.9 ( 64.5)
Agúst	0.3	9.6 ( 9.0)	71.0 ( 21.0)
September	0.3	6.7 ( 6.5)	35.5 ( 19.4)
Október	-4.1	-2.1 (- 0.3)	44.6 ( 122.8)
Nóvember	1.3	0.9 (- 2.4)	58.6 ( 56.4)
Desember	-1.7	-4.0 (- 4.4)	41.9 ( 121.5)
Árið		1.3 ( 1.3)	527.5 ( 676.2)

Tölurnar í svigum, hiti og úrkoma ársins 1967.

Júlí er 1.6 stigi ofan við meðallag og ~~þar~~ hér ~~vera~~ heitast á landinu, ~~en~~ k. annar heitasti staðurinn í júlí, eftir því sem Veðurstofan hefur tjáð mér.

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

---

### a. Laufgun og lauffall.

Í lok maí mánaðar var brum á birki mikið farið að þrútna og lerki að litkast.

Talið var að skógurinn væri að mestu laufgaður 14. júní, en varla var þó hægt að telja hann allaufgaðan fyrr en um 20. júní. Hefur skógurinn aldrei laufgast svo seint síðustu 20 árin.

Skógurinn byrjaði að sölna um 25. ágúst og mánuði síðar var hann talsvert farinn að gulna og lauffall að byrja. Skógurinn var að mestu lauflaus um miðjan október og var það með eindæmum seint og hefur ekki skeð fyrr síðustu 20 árin.

### b. Vöxtur.

Vöxtur á flestum trjategundum varð sámilegur þrátt fyrir kalt vor og slæmt árferði 1967.

Tíðarfarið eftir 12. júlí, ágúst og september bjargaði öllum gróðri þetta árið. Eins og áður var vöxtur á barrplöntum einna beztu í Fellsskógi, sámilegur á rauðgreni í Sigríðarstaðaskógi og einnig óx stafafura sámilega í Vaglaskógi, en rauðgreninu þar fer lítið fram eins og hingað til.

### c. Fræfall.

Fræfall á birki var afar lítið og var aðeins safnað lítilsháttar af birkifræi af Bæjarstaðastofni á Végeirstöðum.

### d. Skaðar á trjám.

Helztu skemmdir voru eins og á áður á rauðgreni í skóglendum, þó minna en áður og lítilsháttar í gróðrarstöðinni.

Annars var að mestu komist hjá skemmdum í gróðrarstöðinni og þá fyrst og fremst á fræplöntum, enda var nú notað plast og gler yfir þær tegundir sem eru lítt frostþolnar.

### 3. S T A R F S F Ó L K.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði og kaupgreiðslur. Ákvæðisvinnustundir eru ekki taldar með. Vinnulaun og stundir frá Ásbyrgi er talið með.

#### Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1968.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>	<u>Ákv.v. kr.</u>
Janúar	4	278	17.553.07	
Febrúar	3	481	29.504.30	
Marz	1	206	13.545.83	
Apríl	4	438	26.267.76	
Mái	18	1.842	102.158.34	
Júní	24	2.619	139.079.82	40.028.70
Júlí	19	2.293	125.689.71	2.020.00
Agúst	13	1.773	100.030.66	
September	9	1.148	67.086.60	9.926.08
Október	5	540	34.180.57	
Nóvember	8	463	29.878.36	
Desember	2	263	20.008.50	
		<u>12.344</u>	<u>704.876.52</u>	<u>51.974.75</u>
		<u>Alls kr.</u>	<u>756.958.27</u>	

Starfsfólki úr Hálsahreppi voru greiddar kr. 560.569.36 í vinnulaun árið 1968.

Vilmundur Andrésson annaðist verkstjórn í gróðrarstöð með sömu verkaskiptingu við skógarvörð og áður.

Starfsmenn flestir þeir sömu og áður og m. a. Ola Skavhaugen, sem stjórnaði að nokkru leiti vinnu við grisjum og gróðursetningu.

Ráðskona var lengst af Þórdís Jónsdóttir, Sólvangi, Hálsahreppi.

#### 4. G I R Þ I N G A R.

##### b. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður, eftirlit og smölun varð sem hér segir:

	<u>Viðhaldskostn.</u>	<u>Staurar</u>	<u>Eftirlö&amp; smölun</u>
Vaglagirðing.....kr.	4.171.80	3.375.00	
Þórðarstaðagirðing. -	11.900.78	18.750.00	3.813.00
Sigríðarstaðagirðing-	2.065.75		1.382.50
Mela-og Stórhöfðag.-	9.123.56	2.500.00	869.25
Sandhaugagirðing....-	2.295.42	1.100.00	3.500.00
Felksskógargirðing.-	<u>1.389.60</u>		
<u>Alls kr.....</u>	<u>31.183.60</u>	<u>25.725.00</u>	<u>9.564.75</u>

Viðhaldskostnaður varð nú með minna móti.

Í Vaglagirðingu var bætt 75 staurum 5 feta og 75 staurum 6 feta, birki.

Farið var tvær ferðir á Þórðarstaðafjall og fluttir þangað upp 250 járnstaurar og bætt um 170 þeirra í girðinguna á fjallinu, en hinir verða notaðir næsta sumar, í gaflana að sunnan og norðan. Þurfti mikið að lagfæra girðinguna á fjallinu og svo muna einnig verða um gaflana næsta sumar.

Í Melagirðingu var bætt 50 birkistaurum 5 feta og 50 6 feta. Girðingin er orðin léleg og mjög dýr í viðhaldi eins sjá má hér að ofan.

Í Sandhaugagirðingu var bætt 20 birkistaurum 5 feta og 20 sex feta. Þarf að bæta allmiklu af aflstaurum í hana stæð að vori.

Sigríðarstaðagirðing er mjög orðin léleg á löngum köflum og þurfti endurnýjunar við.

5. SKÓGARHÖGG.

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu 1968, sýnir að seldar og afhentar viðarafurðir eru fyrir kr. 248.197.80, þar af afhent til S. r., R.vík. fyrir kr. 7.165.00. Útistandandi hjá viðskiptamönnum 31/12 1968, eru kr. 107.157.00.

Staurar og viður til eigin nota er reiknað á kr. 18.975.00.

Kostnaður við skógarhögg varð kr. 53.784.47 og við eldivið og staura, þ. e. sögun, akstur, birking, flutningsgjöld o. fl. varð kr. 122.548.71, alls kr. 176.33.18

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1968.

	<u>Staurar</u> <u>4 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>5 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>6 feta</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Krónur</u> <u>Samtals</u>
Sala 1968	600	1172	1052	144.3	0.7	248.098.80
S.r. Vöglum		145	145	12.0		18.975.00
Birgðir Vöglum		2200	5200	26,6	6.5	155.600.00
" Þórðarst.				20.0		12.000.00
Rýrnun '68	<u>400</u>	2200	600			36.200.00
	1000	5717	7007	196.3	7.2	470.873.80
Birgðir 1967	<u>1000</u>	5200	6400	40.0	6.5	237.000.00
Högg	<u>+---</u>	517	607	156.3	0.7	233.873.80
Tonn	<u>-----</u>	2.07	3.95	156.3	0.7	163.02

Í sambandi við rýrnun staurax að safnast hafði saman svo mikið magn að við komumst ekki yfir að birkja það allt og voru staurarnir bæði farnir að versna sem söluvara og orðið erfitt að birkja þá. Ennfremur hafði safnast saman talsvert af lélegum staurum. Þegar svo portið við Brúarlund var rífið var hreinsað vel til og allt sagað niður og selt sem ekki var talið vel nothæft í staura og selt sem reykviður í Niðursuðuverksmiðjuna á Akureyri.



Aðstaða til fúavarnar og geymslu stauranna hefur nú batnað til mikillamuna, með tilkomu stauraskýlisins og tilfærsla og burður á staurum á að verða miklu minna, ennfremur miklu minni snúningar við afhendingu á staurum. Nú verður lagt kapp á að taka góða staura. Með tilkomu yddarans, er hægt að laga staurana mikið, t. d. taka af þeim allar hnútur og albirka þá að mestu. Verða staurarnir þannig miklu útgengilegri og betri vara.

Fúavarður voru nú um 900 staurar, en fúavarnarefnið kom seint og varð því ekki meira að gert að sinni.

Í Vaglaskógi var höggvið í reitum nr. 105 og 106 og grissjað ofan af hvítgreni í reitum nr. 210 og 211. Þá var hreinsað til neðan vegar frá brúnni og suður að Skógarseli, og sunnan Stórarjóðurs. Voru tekin fúin tré, brotin og skemmd. Þarna fara skógargestir mest um og veitti ekki af að laga til og svo þarf að gera víðar við gjölfarnar brautir.

Í Lautaskógi var höggvið utan Búðargils, ofan og neðan vegar og í Þórðarstaðaskógi, sunnan Búðargils, ofan og neðan efri vegar.

Í Sigríðarstaðaskógi var grissjað um 3 ha. svæði vegna gróðursetningar næsta árs. Var þar ekið út um 15 honnum víðar. Var það sagað og selt sem reykviður. Er þar ennþá nokkurt magn eftir, sem æskilegt væri að ná burt áður en gróðursett verður í svæðið.

## 6. GRÓÐRARSTÖÐ

-----

### a. Nývirki og umbætur.

Um nývirki eða umbætur í gróðrarstöðinni var ekki að ræða að þessu sinni.

### b. Fræplöntur.

Sáð var í gróðurhúsið 30. maí og aftur 11. júní því sem sáð var undir plast.- Sáð var 13.72 kg. í 527 m<sup>2</sup>.

Sáningin var nokkuð misjöfn og eru til þess ýmsar ástæður. Sérstaklega var birkið misjafnt, ennfremur var bergfura gisin og rauðgreni nr. 700, afar gisið. Bergfurinni virðist mér sáð of gisið og væri athugandi að þetta sáninguna, ef miðað er við sömu spírunarþrósentu.

Því sem ekki var sáð í gróðurhúsið var öllu sáð undir plast. Má í því sambandi geta þess að búið var til mikið af vírbogum úr vírneti til að láta plastið hvíla á. Plastið vill nuggast á vírnetinu, svo að líklega er betra að nota vörboga, a. m. k. er varla notandi þynnra en 0.15 af plasti ef notað er vírnet.

Það mikilvægasta við notkun plastsins er að fylgjast vel með vökvun, sem má hvorki vera of mikil né lítil og enn fremur að gæta þess að hvorki ofhitni né ofþorni undir plastinu eða inni í húsinu.

#### c. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 28. maí og lauk 25. júní. Dreifsettar voru 162.500 plöntur og stöðst nokkurn veginn áætlað að magn plantna til dreifsetningar. Í ákvæðisvinnu voru dreifsettar 144000 plöntur. Þrjár stúlkur unnu að dreifsetningunni, aðallega.

Í heild má segja að dreifsetningin hafi tekist vel, nema helzt á nokksu birki, sem fengið var frá Hallormsstað. Gert er ráð fyrir 245.500 plöntum til dreifsetningar vorið 1969.

#### d. Hreinsun.

Þrjár stúlkur unnu við hreinsun í gróðrarstöðinni eins og undanfarin ár og ein í ígripum. Auk þess unnu hér svo 10 stúlkur frá Vinnuskóla Húsavíkur nokkra daga við hreinsun. Ekki mun veita af því að bæta við einni fastri stúlku, það reyndist nógu erfitt með því liði sem var hér s. l. sumar að halda stöðinni hreinni og hefði þurft að vera betur hreinsað. Eins og áður eru það fræðin sem mestur tími fer í að hreinsa, en með tilkomu nýrra illgresislyfja ætti að mega draga úr þeim kostnaði, má þá sérstaklega nefna lyfið "amitrol". Tel sjálfsagt að hefja notkun þess, sbr. reynslu Norðmanna.

#### e. Umbúnaður.

Vetrarumbúnaður plantna var eins og undanfarin ár og er það ekki stór liður í rekstri stöðvarinnar, enda geri ég ráð fyrir að í engri annari stöð þurfi svo lítið að kosta til umbúnaðar.

#### f. Afhending.

Afhentar voru 133.345 plöntur, um 35 þúsund plöntum færri en áætlað. Munar þar mest um rauðgreni 27 þúsund ~~ok~~ plöntur færri, Namskogen og Mefsen Grane og 4 þúsund hvítgreni, Seward. Rauðgrenið var talsvert toppskemmt og því flokkað strangt og miklu hent. Tegundaskiptinu í stöðinni þyrfti að taka til athugunar.

Seldar og afhentar plöntur 1968.

Birki.....	3/2	Bæjarstaður.....	3.515	stk.	✓
Blágreini.	3/4	Lake Louise.....	600	-	-
"	3/4	Sapinero.....	4.255	-	-
"	3/5	....."	1.025	-	-
Hvítgreini	4/3	Wansa Lake.....	4.205	-	✓
Rauðgreini	3/3	Namskogan.....	28.780	-	✓
"	3/4	....."	37.995.	-	-
"	3/4	R. K. E. D.....	4.700	-	-
"	3/4	Vefsen Grane.....	18.050	-	✓
Bergfura	2/2	Ht. Confl.....	12.970	-	✓
Stafafura	2/2	Barkerville.....	17.170	-	-
<u>Alls.</u>			<u>133.345</u>	<u>stk.</u>	

Verðmæti seldra og afhentra plantna var kr. 278.947.90

Plöntur til sölu og afhendingar árið 1969.

Birki.....	2/0	Bæjarstaður.....	15.000	stk.	nr.	684
"	3/0	....."	7.000	-	-	641
"	4/0	....."	2.500	-	-	642
"	2/2	....."	4.500	-	-	642
Stafafura	2/2	Skagway.....	30.000	-	-	591
Rússalérki	2/2	Arkangel sk.....	3.500	-	-	633
Birki.....	3/2	Bæjarstaður.....	6.000	--	-	561
Hvítgreini	4/3	Wansa Lake.....	4.000	-	-	568
Rauðgreini	3/4	Namskogan.....	7.000	-	-	531
"	3/4	Namdal.....	20.000	-	-	554
"	3/4	Vefsen Grane.....	47.000	-	-	328 <sup>ee</sup>
<u>Alls.</u>			<u>146.500</u>	<u>stk.</u>		

g. Garðplöntur.

Selt var það sem eftir var af gulvíði í stöðinni og annað hefur ekki verið af garðplöntum í stöðinni. Vel væri þó athugandi hvort ekki væri rétt að setja niður eitthvað af græðlingum í vor.

h. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað, eftir því sem næst verður komist:

280 kg. kjarni  
100 - noregssaltpétur,  
90 - kalí brst.s.  
90 - þrífosfat.

Ekið var 28 tonnum af húsdýraáburði í reitina, þar af 12 tonnum s. l. vor, en 16 tonnum í haust.

i. Annað.

Sundurliðun gjalda gróðrarstöðvarinnar sýnir hækkun á flestum liðum og fór rekstur stöðvarinnar um 28 þúsund krónur fram úr áætlun, útgjaldaaukn. f. f. um 79 þús. kr.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar árið 1968.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Seldar og afhentar plöntur...	278.947.90	
Fræplöntur.....		109.898.65
Dreifplöntur.....		147.130.50
Ráðskona & verkstjóri.....		109.023.61
Ýmiss vinna.....		23.602.78
Vörur til gróðrarstöðvar.....		21.221.90
Sameiginl. kostnaður.....		6.880.00
		<hr/>
<u>Alls kr.</u>	<u>278.947.90</u>	<u>417.764.64</u>

Kauphækkanir eiga vitanlega mestan þátt í þessum, hækkunum, ásamt meiri hreinsunarkostnaði, ennfremur hækkun á verkstjórn.

Skemmdir á fræplöntum urðu ekki teljandi, enda gler og plast yfir öllum þeim sem viðkvæmastar eru.

S. l. haust voru sóttar 15 þúsund lerkiplöntur austur að Hallormsstað. Var þeim komið fyrir í plöntugeymslunni og helmingunum slegið niður á venjulegan hátt úti í reitnum.

## 7. GRÓÐURSETNING.

-----

### a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru 24.850 plöntur, 250 plöntum færra en áætlað. Aðallega unnu þeir menn að gróðursetningunni, sem öll var unnin í ákvæðisvinnu.

Í Sigríðarstaðaskógi eru tilbúnir til gróðursetningar um 3 ha. lands, í Þórðarstaðaskógi um 1 ha. og 1/2 ha. í Fellsskógi og í Ásbyrgi 0.3 ha. Mest af þessu landi er fyrir lerki eða furu.

### b. Plöntunartími og flatarmál.

Í Vaglaskógi var gróðursett 1.-7. júní, í Sigríðarstaðaskógi 10.-14. júní, í Þórðarstaðaskógi 12.-15. júní og í Fellsskógi 20.-23. júní. Bil milli plantna var 1.4 x 1.4 m.

### c. Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegund.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Reitur.</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Blágreini	3/4	Lake Louise	208	600
"	Stafafura	2/2	Barkerv.	211	1.200
"	"	"	"	406	6.050
					<u>7.850</u> ✓
Þórðarstaðsk.	Rauðgreini	3/4	R. K. E. D.		47700 ✓
Fellsskógur	Blágreini	3/5	Sapinero		1.000
"	Hvítgreini	4/3	Wansa Lake		1.000
					2.000 ✓
Sigríðarstaðsk.	Rauðgreini	3/4	Namskogan		10.300 ✓
				<u>Alls</u>	<u>24.850</u>

### d. Yfirlit yfir plantanir Skógfr. S.-Þing. o. fl.

Í Fossselsskógi var gróðursett dagana 19.- 27. júní og unnu þrjú menn að gróðursetningunni.

Í Fossselsskógi voru grísjáðir um 3 ha. fyrir gróðursetningu næsta vor og sumar og mikið var unnið að úðun á birkitteinungi og var notað lyfið Kerbatox.

Plantanir Skógræktarf.- S.-Þingeyinga o. fl.

	<u>Tegund.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Plöntufj.</u>
Fossselsskógur	Blágreini	3/5	Sapinero	900
"	"	3/4	"	2.000
"	Mítgreini	4/3	Wansa L.	2.980
"	Rauðgreini	3/4	Vefsen Gr.	2.050
"	Bergfura	2/2	Ht. Confl.	4.000
"	Stafafura	2/2	Barkerv.	1.000
"	Lerki	2/2	Sénkúrsk	8.175
				<u>20.105</u>
Fellesskógur	Rauðgreini	3/4	Namskogan	2.400
Botnsv.girðing	Bergfura	2/2	Ht. Confl.	1.500
"	Stafafura	2/2	Barkerv.	1.500
				<u>3.000</u>
Ytra-Fjall	Stafafura	2/2	Barkerv.	500
"	Bergfura	2/2	Ht. Confl.	500
γ	Lerki	2/2	Sénkúrsk	1.000
				<u>2.000</u>
Stafn	Lerki	2/2	Sénkúrsk	1.500
				<u>1.500</u>
			<u>Alls.</u>	<u>30.005</u>

Mikið var unnið að áburðargjöf og voru þar m. a. átta drengir frá Vinnuskóla Húsavíkur og unnu þeir í Fossselsskógi í tvo daga, undir stjórn Ola Skavhaugen. Skógræktarfélagið greiddi ferðakostnað drengjanna og fæði að hluta en bæjarfélag Húsavíkur greiddi drengjunum kaup.

Kostnaður við gróðursetningu í Fossselsskógi varð kr. 21.258.27, grisjun 10.515.00, úðun 5370.31, áburðargjöf 2.240.20, girðingaviðhald 2.264.89, ráðskona 2.906.80, ( allt vinnulaun ) alls kr. 44.545.47, plöntukappvoru kr. 42.595.80, samtals kr. 87.141.27.

8. HIRÐING.

a. Hirðing, grisjun, úðun og áburður.

Miklu minna var unnið að hirðingu, grisjun og úðun en á s. l. ári.

Kostnaður skiptist þannig:

	Hirðing, úðun.	Grisjun.	Áburðurö
Vaglaskógur.....	6.824.00	924.00	2.685.00
Þórðarstaðaskógur.....	1.950.00		1.200.00
Sigríðarstaðaskógur....		10.846.55	
Ásbyrgi.....		1.214.00	
	<u>8.774.00</u>	<u>12.984.55</u>	<u>3.885.00</u>
Alls kr.....		<u>25.643.55</u>	

Í Vaglaskógi var hreinsað og úðað í reitum nr. 212, 316, 317 og 509. Borið var á í reit nr. 210, hvíðgrenni og nr. 305, hluta hans, rauðgrenni. Plítar úr Vinnuskóla Húsavíkur unnu hér 1 dag að áburðargjöf.

Í Sigríðarstaðaskógi voru grisjaðir um 3 ha. fyrir gróðursetningu næsta ár.

Á Þórðarstaðaskógi var borið lítilsháttar á og hreinsað sunnan Beitarhúsatófta og í Ásyrgi var grisjað lítilsháttar sunnarlega í byrginu og klippt frá greniplöntum.

Alltof lítið var unnið að hirðingu plantna og verður að gera átak í þeim málum á árinu 1969. Er þá mjög til athugunar að fá unglinga úr Vinnuskóla Húsavíkur til starfa, enda var almenn ánægja foreldra og forráðamanna þéttarinnar með þessa tilhögun.

#### 9. V E G A G E R Ð.

-----

Engar nýjar framkvæmdir eða viðhald, þó víða þurfi þess með.

#### 10. B Y G G I N G A R.

-----

##### a. Nývirki.

Á árinu var lokið við að mála skógarvarðarbústaðinn að utan, gengið frá þakrennum og niðurföllum og sáð á lóð. Ennfremur var komið fyrir hillum og borði í kjallara.

Byggður var bíl-og geymsluskúr skammt frá íbúðarhúsinu að mestu úr gamla geymsluskúrnum á Furuvöllum og þurfti að rífa hann hvort eð var. Var ekkert efni til hans keypt nema í hurðir, en notaðir afgangar frá íbúðarhúsinu, þar á meðal klæðningin sem er uppsláttarviður. Stærð er 7.55 x 4.15, hæð 2.50 m.

Kostnaður við íbúðarhúsið varð kr. 47.073.46, þar af reikningar f. f. ári kr. 11.866.60.

Eftir er ennþá að ganga frá handriðum við tröppur við forstofu og bakdyr, við svalir og stig í kjallara.

Kostnaður við bílskúr varð kr. 30.288.72.

Þar sem portið við Brúarlund var alveg að falli komið var það rífið og fært að verkfærageymslu við gróðrarstöð og byggð þar úr því staurageymsla. Þurfti að kaupa nokkuð af máttarviðum, ennfremur var fengið nokkuð af þakjárn, notuðu, og er það óuppgert. Kostnaður kr. 14.443.16. *Starð 10.0x4.4m.*

#### b. Viðhald og endurbætur.

Kostnaður við fasteignir varð tæpar 118 þúsund krónur, sem sundurliðast þannig: Skattar og tryggingar kr. 7.956.00, ljós og hiti kr. 15.655.30, Vaglr I kr. 62.277.23, Þórðarstaðir 6063.60, Ásbyrgi kr. 3.340.00 og aðrar fasteignir, ósundurliðað, þ. e. aðallega Brúarlundur, starfsmannabústaður og verkfærageymsla, kr. 22.569.57.

Á Vöglum I var settur hráolúbrennari við miðstöðina og lagfæraðar tvær stofur á hæð. Voru þær klæddar innan með sponaplötum og málað. Einn veggur var klæddur með panil. Einnig var gangur málaður.

Á Þórðarstöðum var skipt um klósett, sem lengi var búið að vera brotlið og settar flísar á gólf í snyrtiherbergi.

Gert er ráð fyrir að rafur magn komi snemma árs 1969 í Þórðarstaði, frá Héraðsrafmagnsveitum ríkisins. Verður þá ekki komist hjá því að greiða heimtaugargjald og lagfæra raflögn þar.

Í Ásbyrgi voru gerðar smávægilegar lagfæringar, að öðru leiti en því að ábúandinn steypti rotþró og lagfærði frárennsli frá húsinu, en það var búið að vera stíflað og óviðunandi í mörg ár. Þessar framkvæmdir kostuðu um kr. 12.000.00 og þarf að greiða þær snemma árs 1969.

Verkfærageymsla og verkafólksbústaður voru olíuborin að utan, þökin þarf að mála í sumar.

Í Brúarlundi þarf alltaf að gera ýmsar lagfæringar vegna samkomuhalds.

Í starfsmannabústað þarf nauðsynlega að mála borðsal og setustofu, ennfremur að setja dúk gólf í þessum herbergjum. Á Þórðarstöðum er nauðsynlegt að einangra loft í viðbyggingu.



## 11. VÉLAR OG VERKFÆRI.

---

### a. Móturvélar.

Dráttarvélin var notuð við sömu störf og áður, þ. e. gróðrarstöðina, akstur á viði, sögun eldviðar og birkingu og yddun staura.

Reksturskostnaður varð kr. 15.828.29, sem sundurliðast þannig: Olíur kr. 5.333.46, tryggingar kr. 844.00, viðgerðir og varahlutir kr. 9.650.46.

Bifreiðin Þ 1484 var notuð til fólksflutninga vegna hinna ýmsu starfsgreina, svo sem grisjunar, gróðursetninga, girðinga, plöntuumhirðu og til flutninga á plöntum og viðarafurðum.

Reksturskostnaður bifreiðarinnar varð kr. 39.096.60 og sundurliðast þannig: Benzín og olíur kr. 24.038.00, skattar og tryggingar kr. 6.676.00 og viðgerðir og varahlutir kr. 8.382.60.

Af tækjum fengnum á árinu var Starlett keðjusög (notuð) og rafsuðutæki.

Við erum smá saman að afla okkur tækja og verkfæra til þess að þurfa ekki að hlaupa með hvern hlut í viðgerð um lengri eða skemmri veg, jafnframt sem stefnt er að því að bæta meðferð verkfæra og tækja sem til eru.

## 12. ÝMISLEGT.

---

### a. Ferðafólk.

Ferðafólk var frekar með færra móti. Umgengni er alltaf að batna og var hún einnig í ágætu lagi um verzlunarmannahelgina, þrátt fyrir að hér væri meiri mannfjöldi saman kominn en nokkru sinni áður eða um ~~nokk~~ þúsund manns.

Enn eykst þöffin fyrir rennandi vatn og vatnssalerni á tjaldstæðunum og verður varla hjá því komist næsta sumar að gera átak í þeim efnum, enda er það ekki ýkja mikill kostnað að koma að minnsta kosti vatni í Stórarjóður.

Borinn var tilbúinn áburður tjaldstæði og samkomusvæði og voru blettirnir slegnir áður en aðalferðamannastæðumúrinn hófst.

Kostnaður vegna ferðafólks varð kr. 14.843.20, þar af í Ásbyrgi kr. 3.960.40.

Þess má til gamans geta að af þeim 7 þúsund gestum, sem komu í skóginn um verzlunarmannahelgina greiddu aðeins um 2500 manns aðgangseyri, alls um 185 þúsund krónur.

b. Gestir skógræktarinnar.

Gestakomur voru fáar, þó má nefna þá Pétur Thorsteinsson, sendiráðherra og fjölskyldu hans og Wilhelm Elsrud forstjóra norska skógræktarfélagssins. Kom hann Kingað frá Hallormsstað og fór ég með hann á nokkra af þeim stöðum sem nosrka skógræktarfélkið skoðaði hér s. l. sumar.

c. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Að venju sá skógarvörður um framkvæmdir Skógræktarfélags S.-Þingeyinga í Fossselsskógi.

Ennfremur venjulegt eftirlit með framkvæmdum í skóglendum Skógræktar ríkisins og girðingum.

Sat aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Hallormsstað.

Fór með erindreka Skógræktarfélags Íslands til Húsavíkur og að Laugum í Reykjadal, þar sem hann flutti erindi og syndar voru skuggamyndir.

Flutti erindi um skógræktarmál og sýndi skuggamyndir fyrir Lionsklúbbinn Náttfara að Breiðumýri.

d. Ýmislegt.

Um verzlunarmannahelgina var haldin samkoma hér í skóginum að venju og af sömu aðilum.

Dansleik hélt Skógræktarfélag S.-Þingeyinga og H. S. Þ í Brúarlundi, en fáir komu og varð tap af, Ennfremur Lionsklúbburinn Náttfari, dansleik til fjáröflunar.

Í júlí var samkoma í Ásbyrgi á Vegum ungmennafélags N.-Þingeyinga og fór hún vel fram.

Haldið var áfram að planta lúpínu á Hálsmela og þó að mikið misfærist af fræplöntum s. l. vor, þá virðist lúpínan samt breiðast talsvert út og mátti sjá mikið af ungum plöntum víða. Tilbúinn áburður var enn borinn á neðan vegar.

Reynt var að halda fjárhagsáætlunina og tókst það að mestu. Margt varð þó að bíða betri tími, sem æskilegt hefði verið að framkvæma. Vonandi renna upp betri og bjartari tímar og umfram allt hagstæðari vor og sumar svo gróður nái að vaxa og þroskast.

Vöglum 14. janúar 1969.

